



1 . febrúar 2016

Ágæti íbúi Reyðarfjarðar

Tökur á vegum kvikmyndafyrirtækisins Pegasus eru að fara að hefjast aftur vegna annarrar þáttaraðar Fortitude. Tökur munu standa yfir á svæðinu í og við Fjarðabyggð í febrúar og apríl.

Næstkomandi Þriðjudag, 2. febrúar, munu tökur hefjast á Reyðarfirði.

Vegna sérstakra aðstæðna við tökur þann dag er þess óskað að íbúar slökkvi á öllum útiljósum og jólaseríum frá klukkan 16:30 til 20:00. Einkum er um að ræða svæðið fyrir ofan og í nágrenni við Molann. Jafnframt er þess óskað að ljós í gluggum eða í námunda við glugga sem snúa út að Molanum verði slökkt eftir fremsta megni yfir þennan tíma.

Þennan dag mun umferð einnig verða takmörkuð og nokkrum götum lokað fyrir umferð.

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda en við vonum að þið sýnið okkur skilning og þolinmæði.

Einnig langar okkur hjá Pegasus að koma á framfæri innilegum þökkum til íbúa Reyðarfjarðar fyrir frábært viðmót og ómetanlega hjálp við að koma sjónvarpsþáttunum Fortitude í framleiðslu.

Kær kveðja

Bergsveinn Jónsson

Tökustaðastjóri